

**Ed.**

### **34. Tillaga**

til þingsályktunnar nm, að landsstjórnin tryggi veðnrstofunni meiri veðurfregnir frá Grænlandi.

Flm.: Jónas Jónsson, Jóhann Jósefsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að freista að ná samkomnlagi við dönsk stjórnarvöld nm, að loftskoytastöðin i Julianehaab á Grænlandi sendi hingað veðnrskoyti síðari hluta dags, til þess að veðnrstofan hafi betri ástæður til að sjá fyrir óveður og vara sjómenn við hættu. Ætlast er til, að þessu verði komið i lag svo fljótt, að gagn megi að verða nú á vertiðinni.